

Mál 16/2018

Ár 2019, þriðjudaginn 30. apríl, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík.

Fyrir var tekið mál nr. 16/2018

Hundaræktarfélag Íslands

gegn

X

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður.

I. Málsmeðferð siðanefndar.

Í erindi kæranda Hundaræktarfélags Íslands sem barst siðanefnd 18. apríl 2018 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærða X hafi gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ með því að nota Cavalier King Charles Spaniel tíkina A til undaneldis en tíkin var sett í ræktunarbann vegna hjartamurrs sem greindist hjá föður hennar, B, þann 29. október 2014. Tíkin gaut 6 hvolpum, 5 tíkum og 1 rakka þann 29. nóvember 2017.

Kæran var send kærðu til umsagnar með bréfi dagsettu 4. júní 2018 og henni gefin andmælafrestur til 25. júní 2018. Svar barst frá kærðu dags. 25. júní 2018. Einnig liggur fyrir yfirlýsing frá skráðum eiganda Y dags. 25. júní 2018, sem segir tíkina hafa verið hjá sér síðan október 2014 og hafi kærða ekki komið nálægt umræddu goti. Báðar lýsa því yfir að gleymst hafi að ganga frá afsali á tíkinni með formlegum hætti.

Siðanefnd aflaði því frekari upplýsinga sbr. 9. gr. málsmeðferðareglna siðanefndar. Samkvæmt upplýsingum frá Hundaræktarfélagi Íslands var tíkin í ræktunarbanni og pöruð áður en eigendaskipti voru skráð í kerfi þann 12. október 2017.

Í samræmi við 27. gr. laga HRFÍ og málsmeðferðarreglur siðanefndar skal leita sátta í þeim málum þar sem félagsmaður hefur ítrekað sætt áminningu. Kærða hefur ítrekað sætt áminningu vegna brota á grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Málsaðilar voru boðaðir til sáttafundar sem fór fram þann 30. apríl 2019. Mætt var af hálfu kæranda á boðaðan sáttafund. Hringt var í kærðu og henni gefin kostur á að koma sínum sjónarmiðum á framfæri. Kærða mótmælti ekki málsatvikum. Kærandi ítrekaði alvarleika málsins þar sem kærða hafi notað tík í ræktunarbanni til undaneldis og krafðist þess að nefndin tæki málið til úrskurðar.

Þar eð siðanefnd taldi að öll gögn og upplýsingar er máli skiptu væru fram komin þá ákvað nefndin að taka málið til úrskurðar.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni.

Kærða sem er félagsmaður notaði Cavalier King Charles Spaniel tíkina A til undaneldis þrátt fyrir að tíkin væri í ræktunarbanni. Afsalaði kærða sér eignarhaldi á hvolpafullri tíkinni til

utanfélagsmanns þann 2. október 2017. Tíkin gaut 6 hvolpum, 5 tíkum og 1 rakka þann 29. nóvember 2017.

Kærandi telur að með pöruninni hafi kærða brotið gegn grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ en tíkin var í ræktunarbanni vegna hjartamurrs sem greindist hjá föður hennar, B, þann 29. október 2014. Að auki hafi kærða sniðgengið reglur HRFÍ með því að afsala sér eignarhaldi á tíkinni til utanfélagsmanns.

III. Forsendur.

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar skulu vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi hundakyn og í reglugerð um skráningu í ættbók, reglur sérdeildar varðandi undaneldisdýr segir um hundakynið Cavalier King Charles Spaniel:

„Hjartavottorð: Undaneldisdýr skulu vera án hjartamurrs og vottorðin tekin fyrir pörun. Vottorð hunda yngri en 5 ára gildir í 6 mánuði en vottorð tekin eftir 5 ára aldur gilda í 1 ár. Hunda sem hafa hreint hjartavottorð tekið eftir 6 ára aldur má nota áfram þó þeir greinist með murr síðar. Vottorð tekið eftir 7 ára aldur gildir ævilangt. Afkvæmi hunda sem greinast með murr fyrir 4ra ára aldur fara í ræktunarbann. Til að vottorð sé gilt þarf að nota eyðublöð frá HRFÍ. Hjartavottorð þarf að fylgja ættbókarskráningu og niðurstaða kunn fyrir pörun. Einungis eru tekin gild vottorð fagdýralækna sem hlotið hafa þjálfun í að greina hjartamurr hjá hjartasérfræðingi. (Gildir frá 1.6. 2015).“

Samkvæmt ofangreindum sérreglum eru afkvæmi hunda sem greinast með murr fyrir 4ra ára aldur í ræktunarbanni. Það liggur fyrir að hjartamurr greindist hjá föður hennar, B, þann 29. október 2014. Óheimilt er að nota hunda í ræktunarbanni til undaneldis.

Kærða hafi þannig virt að vettugi þær heilsufarskröfur sem gerðar eru til tegundarinnar og brotið gegn grundvallarreglna fyrir félagsmenn í HRFÍ, 2. kafla um ræktun, með því að nota ekki viðurkenndan hund til undaneldis.

Í 3. kafla um ræktendur, ber ræktanda í Hundaræktarfélagi Íslands að stunda ræktun af alvöru og ábyrgð. Enn fremur kemur fram í grundvallarreglum, 4. kafla um sölu, afhendingu og afsal, að félagsmanni beri að veita réttar upplýsingar um ræktunina og breyta að öðru leyti í samræmi við lög og ákvarðandi HRFÍ og ræktunardeilda þess.

Óumdeilt er að á þeim tíma sem pörunin átti sér stað var tíkin skráð í eigu kærðu. Jafnframt kemur fram í gögnum máls að umrædd tík var í ræktunarbanni og kærðu var fullkunnugt um það.

Samkvæmt grein 1.4 ber félagsmönnum að framfylgja lögum og reglum HRFÍ. Félagsmenn skulu leggja sig fram um að uppfylla skyldur sem fylgja því að halda hund og sniðganga ekki reglur og ákvarðanir HRFÍ.

Fyrir liggur undirritað og vottað afsal dags. 2. október 2017 þar sem kærða, sem félagsmaður, afsalar eignarhaldi á tíkinni til utanfélagsmanns HRFÍ. Samkvæmt upplýsingum sem siðanefnd aflaði frá Hundaræktarfélagi Íslands voru eigendaskiptin skráð þann 12. október 2017.

Sýnt hefur verið fram á að tíkin var skráð í eigu kærðu þegar pörun átti sér stað. Það breytir ekki brotinu að kærði hafi afsalað eignarhaldi sínu til utanfélagsmanns eftir að pörun átti sér stað. Að mati siðanefndar er ámælisvert að reyna með þessum hætti að sniðganga reglur HRFÍ. Jafnframt telst kærða hafa unnið gegn markmiðum félagsins sem eru skilyrði félagsaðildar.

Hefur kærða því gerst brotleg við greinar 1.4, 2.3, 2.6, 3.1, 3.2 og 4.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Þar eð kærða hefur ítrekað sætt áminningu vegna brota á grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ þykir hæfileg refsing kærðu vera brottvísun úr félaginu í tiltekinn tíma. Kærða skal jafnframt útilokuð frá þátttöku í starfi HRFÍ í tiltekinn tíma.

IV. Niðurstaða

Kærða X telst hafa gerst brotleg við greinar 1.4, 2.3, 2.6, 3.1, 3.2 og 4.6 grundvallarreglna fyrir félagsmenn í HRFÍ og reglna sérdeildar varðandi undaneldisdýr.

Kærðu er vísað brott úr Hundaræktarfélagi Íslands í 8 mánuði.

Kærða er útilokuð frá þátttöku í starfi HRFÍ í 8 mánuði.

Ofangreind viðurlög taka gildi við birtingu úrskurðar fyrir kærðu.

F.h. siðanefndar

Kristín Fjóla Fannberg

Guðrún Margrét Baldursdóttir

Kristín Sveinbjarnardóttir